

Fundur 26.2.2024 Segej skósmiður frá Téténíu, sem dó í Úkraínu fyrir ca ári.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Gleður það okkur að tala við ykkur úr okkar stjörnusambandsstöð, hafa umskiptin verið mikil í mínu lífi og hef ég átt erfitt með að trúa þessum furðum sem fyrir mig hafa komið á nýrri jörð, en er ég smá saman að átta mig á staðháttum og mikið þrái ég að heimsækja ykkar litla og merkilega land, en það mun víst ekki gerast.

Og hafði ég æfinlega mikinn áhuga á mannkynssögu og lærði ég um víkingana og komu þeirra til okkar lands og hafði ég æfinlega mikinn áhuga á því eins og öðru í mannkynssögunni.

Það hefur tekið mig langan tíma að átta mig á staðháttum og fræðast um tilveruna hér á þessum stað og hefur undrun mín sífellt vaxið á því að kenning ykkar hafi ekki borist til okkar lands og hafði ég ekki minnstu hugmynd um hana, þar til ég komst á þessa jörð.

Og hefur það vakið áhuga minn á Íslandi og öllu sem því við kemur og gömlu sögunni um víkingaferðirnar og tengslin á milli landanna okkar.

Og höfum við enga kenningu eins og þið um þetta á gamla landinu okkar á jörðinni, en við höfðum kirkjuna og meðan ég hafði fulla heilsu, grúskari og hafði mikinn áhuga á Búddatrú og öðrum trúarbrögðum en kristninni, þannig að ég var ekki viss um að ég færi til Himnaríkis og var ég stundum á því að ekkert líf væri eftir dauðann og vildi tileinka mér vísindalega nálgun og viðhorf.

En eftir að ég slasaðist breyttist það og segja má því að hamingja mín hafi verið tvöföld að komast yfir á þessa jörð í nýjan líkama og laus við fatlanir og það sem hamlaði mér.

Er ég sífellt að læra meira um fólkið sem býr á þessum hnetti og finnst mér það stórkostlegt hvernig þjóð okkar sem var nokkuð fjölmenn á jörðinni, miðað við hvort hún er flokkuð sjálfstæð eða ekki, skuli vera orðin enn þá fjölmennari hér á þessum hnetti.

Og þjóðarbrott okkar skuli hafa þróast í svo margvíslegar áttir og á öðrum hnöttum skuli vera forfeður okkar sem fræða okkur um ferðalög þeirra til annarra landa í fyrndinni.

Og hvernig þeir blönduðust öðrum þjóðum og hvernig þeir eru komnir út um allan geiminn í afkomendum sínum og hvernig einhverjir forfeður ykkar og formæður blönduðust inn í okkar þjóð og hvernig stjörnurnar á himninum eru bústaðir þeirra.

Og ég á eftir að kynna mér það betur og er aðeins á þröskuldinum en hér hef ég verið í rúmlega ár og mikil er undrunin og sífellt eitthvað nýtt að læra.

Get ég ekki verið mikið lengur í sambandinu en ætla ég að úskýra hver ég er og hvert nafn mitt er.

Ég var staddur í Úkraínu þegar sprengja féll og týndi þar lífi og var það að vissu leiti framhald á þeim hörmulegu atburðum sem ég hafði lent í löngu fyrr í Téténíu, þegar ég missti útlími mína og varð bæklaður og líf mitt undir því komið að aðrir sæju um mig og gæfu mér mat og var það erfitt andlega og líkamlega og var það ekki gott líf.

Og því var það tvöföld ánægja að ekki aðeins var líf eftir dauðann, heldur líkamlegt líf og fékk ég hér heilbrigðan líkama eins og ég hafði sem ungur maður.

Var ég skósmiður og var ég ekki í hernum en árásir voru miklar á þorpið okkar, Sergej heiti ég og hef ég margt fleira að segja við ykkur en gleður það mig að hafa komið hér í gegn og vil ég leggja á það áherslu að ekki eru allar sögur úr hernaði sem enda með hörmungum eins og mín saga endaði að lokum vel. Þakka ég fyrir mig og ber ég mikla virðingu fyrir Íslendingum, þjóðinni sem átti dr. Helga Pjeturss sem uppgötvaði þetta lögmál.

Verið þið blessuð og sæl og þakka fyrir mig.

*Þakka þér fyrir sambandið og gangi þér sem allra best.*

Já.